



Reykjavík, 4. desember 2024

VEL24110072

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni: **Svar við fyrirspurn Flokks fólksins um túlkaþjónustu og ráðningu túlka á velferðarsviði**

Þann 20. nóvember 2024 lagði fulltrúi Flokks fólksins fram í velferðarráði svohljóðandi fyrirspurn um túlkaþjónustu og ráðningu túlka á velferðarsviði:

Fulltrúi Flokks fólksins óskar upplýsinga um hvernig túlkaþjónustu og ráðningum túlka er háttað á velferðarsviði? Tala allir túlkar íslensku sem velferðarsvið ræður til að túlka? Hvaða aðrar kröfur eru gerðar til menntunar, færni og þjálfunar túlka sem ráðnir eru til að túlka fyrir velferðarsvið og undirskriftstofur þess? Eru allir túlkar með löggildingu sem túlkar? Eru einhverjir túlkar ómenntaðir?

Svar:

Túlkar eru ekki ráðnir til starfa á velferðarsviði Reykjavíkurborgar. Reykjavíkurborg er eina sveitarfélagið sem hefur gert sérstaka stefnu um túlka- og þýðingþjónustu en hún var gerð árið 2017 (sjá fylgiskjal) og er verið að leggja lokahönd á endurskoðun hennar.

Innkaupaskrifstofa Reykjavíkurborgar gerir útboðslýsingu vegna rammasamninga um túlka- og þýðingarþjónustu þar sem áhersla er lögð á gæði þjónustunnar og að þær uppfylli kröfur sem gerðar eru í útboðslýsingunni. Einnig að leiðbeiningar fyrir starfsfólk Reykjavíkurborgar um túlka- og þýðingþjónustu frá 2017 og siðareglur túlka séu hafðar til hliðsjónar. Ýmsar aðrar kröfur eru gerðar eins og að bjóðendur skuli hafa þriggja 3 ára reynslu af túlka- og/eða þýðingarþjónustu, að geta boðið upp á að minnsta kosti eitt tungumál til túlkunar, hafa haldgóða þekkingu á íslensku og því tungumáli sem er til túlkunar. Ekki eru gerðar kröfur um löggildingu.

Í gildi er rammasamningur sem Reykjavíkurborg gerði árið 2022 við sex túlkafyrirtæki og rennur samningurinn út 27. júní 2026.

Þegar starfsfólk velferðarsviðs óskar eftir þjónustu túlka í vinnu sinni er haft samband við þau fyrirtæki sem hafa gildandi rammasamning og litið er svo á að starfandi túlkar uppfylli þær kröfur sem koma fram í rammasamningi Reykjavíkurborgar. Starfsfólk er skuldbundið til að leita til fyrirtækja sem sinna túlka- og þýðingþjónustu í starfi sínu og eru með gildandi rammasamning við Reykjavíkurborg. Túlka- þýðingþjónustur þurfa því að haga fyrirkomulagi á ráðningum túlka og kröfum til þeirra í samræmi við rammasamning.

Starfsfólks velferðarsviðs leggur áherslu á mikilvægi þess að túlkar eigi að hafa gott vald á starfi sínu. Upp hafa komið tilvik þar sem mat starfsfólks er að túlkar hafi því miður ekki



Reykjavík



valdið starfi sínu nægilega vel. Í þeim tilvikum er áhersla er lögð á að koma á framfæri óánægju vegna viðkomandi túlks til túlkafyrirtækisins.

Unnið hefur verið að fyrstu stefnu í málefnum innflytjenda á vegum félags- og vinnumarkaðsráðuneytis (hvítbók). Stefnan hefur verið í samráðsgátt og sendi Reykjavíkurborg inn umsögn dags. 21. júní 2024.

Þar kemur m.a. eftirfarandi fram:.

„Mikilvægt er að til staðar sé gott aðgengi að upplýsingum og miðlun á þeim á auðskildu máli og nokkrum tungumálum. Ein af aðalforsendum fyrir þessu er að tryggja að túlka- og þýðingaþjónustur sem starfa á Íslandi tryggi gæði og fagmennsku í sinni vinnu. Reykjavíkurborg leggur mikla áherslu á að gera þarf meiri kröfur á gæði og fagmennsku í vinnu túlka og þýðenda og saknar þess að hvergi sé minnst á mikilvægi þess í hvítbókinni. Lagt er til að núverandi fyrirkomulag verði endurskoðað og gerðar verði meiri kröfur til starfandi túlka- og þýðendaþjónustu um gæði og fagmennsku. Einnig þarf að hafa í huga þá sem eru ólæsir.“

Í umsögninni kom jafnframt fram mikilvægi þess að koma á mats- og viðurkenningarferli til að meta hæfi og getu til túlkunar eins og gert er í Danmörku, Noregi og víðar. Einnig að skýra laga- og regluverkið ásamt gæðastöðlum hjá túlka- og þýðingapjónustum. Þessi atriði voru nefnd í Hvítbókinni.

Fylgiskjal:

Skýrsla starfshóps um túlka- og þýðingapjónustu Reykjavíkurborgar, febrúar 2017.



Reykjavík